

Ég heilsa þér Ísland, föðurland mitt

eftir Sigurjón Sigurðsson

Fyrirhuguð er sýning á verkum Alberts Thorvaldsens hér í Reykjavík á Kjarvalsstöðum nú á árinu 1982.


Albert Thorvaldsen er Íslendingur og hafði íslenska menningu að leiðarljósi sínu í föðurgarði; hann fæddist á Íslandi árið 1770 eftir því sem ísl. heimildir benda til og lést í Danmörku árið 1844. Hann ólst upp á heimili foreldra sinna í Kaupmannahöfn, hjá föður sínum sem þar dvaldi um áraraðir og rak þar tréútskurðar- og myndhöggvaraverkstæði. Þar tók Albert sin fyrstu spor á lista- brautinni.

Albert Thorvaldsen var stoltur af því að vera Íslendingur og bera íslenskt nafn, það sýnir skírnarfontur sá er hann hjó með eigin hendi í Rómaborg árið 1827 og ætlaði föðurlandi sínu Íslandi í ræktarskyni, eins og hann orðar það. Á milli lína má lesa boðskap hans, mitt nafn, mín þjóð, mitt land — Ísland. Verk mín, kórónu lífs míns, mitt himnaríki, sendi ég þér, mitt ástkæra land. Um aðdrif þessa drifhvíta marmaraskírnarfontar Alberts Thorvaldsens er það að segja, að hann er enn

ókomin til Íslands, hann hefur numið staðar með torkennilegum hætti í Heilagsanda-kirkju í Kaupmannahöfn, um stundarsakir vonandi.

Myndhöggvarinn Albert Thorvaldsen ætlaði Miklabæjarkirkju í Skagafirði grip pennan (heimild Jónas Hallgrímsson í Fjölni), enda er Skagafjörður ættbyggð listamannsins og fæðingarstaður hans, sem skóp stórbrotin örlög hans, allt frá Miðjarðarhafi að norður- hveli jarðar.

Danir hafa ekki ennþá komið því í verk, að senda gjöf þessa til ættlands Alberts, þar sem skírnarfonturinn á heima, samkvæmt eigin áletrun, ósk og gjöf listamannsins sjálfs, þeim hlýtur þó að vera áhugamál að bæta fyrir mistök sín. Þetta listaverk er Íslendingum alveg sérstaklega hjartfólgið vegna þess, að það er staðfesting á hinu íslenska nafni Alberts Thorvaldsens, meitlað með eigin hendi listamannsins, til að lýsa yfir á ótvíræðan hátt og taka af allan vafa um uppruna hans og lífsstíl, af hvaða bergi hann er brotinn og af hvaða rótum hann er runninn. Vegna þessa verður dýrmæti gjafar hans aldrei metið til fjár. Við Íslendingar vitum hvar frumsmíðin er niðurkomin, þakkað sé Sigurði Ólasyni. Við höfum nægar heimildir og gögn til að krefjast hennar, enda gekk listamaðurinn þannig frá henni, að það er eiginlega alveg ómögulegt að óheildarlegir menn geti haldið henni nema um stundarsakir. Þetta ættu Danir og forráðamenn Heilagsanda-kirkju í Kaupmannahöfn að gera sér ljóst vegna áletrunarinnar, sem á skírnarfontinum er, það breytir engu hér um þó eftirmynd af gripnum hafi verið send hingað til Reykjavíkur árið 1839 og sett upp í Dómkirkjunni, áletrunin er það greinileg á skírnarfontinum í



Heilagsandakirkju, frumsmíðinni, að hún ber greinilega með sér hverjum gripurinn var ætlaður og hver er eigandi hans.

Sama er að segja um arfleiddsluskurá Alberts Thorvaldsens. Hún er þannig fengin hjá Dönnum, að enginn maður með réttu ráði tekur fullt mark á henni, enda er hún að hálfu leyti danskur ránsfengur, eins og með fleiri íslenska gripi.

Með þessari fyrirhuguðu list-sýningu á verkum Alberts Thorvaldsens á Kjarvalsstöðum fá Danir enn eitt tækifæri til að skila einhverju af ránsfeng sínum til baka til íslensku þjóðarinnar. Væri ekki tilvalið fyrir Dani að byrja á að skila til dæmis skírnarfontinum úr Heilagsanda-kirkju?

Sterk íslensk litaráhrif Gottskálks og Alberts sköpuðu smá þjóðfélagsaðstöðu úr lífsbaráttu þeirra feðga við höfnina þarna í Kaupmannahöfn. Tannig Gottskálks á Albert á æskuárum um var mjög þýðingarmikil og fylgdu handbrögð þau sem Gottskálk kenndi honum í bernsku Albert alla ævi.

Starf Gottskálks myndhöggv- ara, föður Alberts, hvarf og gleymdist eftir langan og strang- an starfsdag hans, eins og svo margra annarra listamanna í ár- anna rás á þessum tíma, en áður en svo varð, hafði Gottskálk lengi verið kóngur í ríki sínu á verk-

stæði sínu við hafið og gert mörg fræg stafnlíkön, eða meðan kraft- arnir leyfðu og hann gat beitt listrænum hæfileikum sínum til fulls, þar til elli og slit hinnar miklu örlagasögu hans tóku af honum völdin, en áður en svo varð hafði Albert, sonur hans, tekið við merkinu af föður sínum. Vonandi fáum við að sjá ávöxt þess á komandi listsýningu hér á Kjarvals- stöðum í verkum Alberts Thorvaldsens.

Menningarþættir íslensku þjóð- arinnar hafa legið vítt og breitt um Evrópu, enda er menning okkar nátengd Evrópuþjóðunum og menningu þeirra.

Okkar norræna menningar- munstur er ofið í ásikum, germ- önskum, keltneskum, rómversk- um stíl, vængjað og fléttað saman úr baráttusögu lands okkar og þjóðar. Verk Alberts Thorvaldsens eru dreifð um alla Evrópu, eins og sólar og tungl um himin- hvolfið.

Huginn og Muninn fljúga um heim allan, Gláður og Gyllir standa vörð við dyrnar í safni hans. Urð og Verðandi koma til hvers barns, sem borið er, að skapa aldur þess. Sjá, allt þetta hefur borið ríkulegan ávöxt í lífi og starfi íslensku þjóðarinnar vítt og breitt um heiminn.

Nú þegar þessi sýning á verkum Alberts Thorvaldsens stendur fyrir dyrum hér á Kjarvalsstöð- um, vil ég biðja allra náðarsam- legast alla fjólmiðla á Íslandi að gæta þess, að ekki gangi á þrykk gælunafn Dana á Albert Thorvaldsen, heldur verði hann í ísl. sýningarskrám og öllum blöðum, sjónvarpi og útvarpi, nefndur sínu rétta íslenska nafni, Albert Thorvaldsen.

Því leitt er til þess að vita, að þjóð hans skuli ekki ætíð geta haft nafn hans rétt, samkvæmt skírn- arsáttmála þeim, sem hann sendi þjóð sinni að gjöf árið 1827, með ákveðinni áletrun og fyrirbrællum.

Sigurjón Sigurðsson
7970-3079

Aths.:
Vegna mistaka hefur birting þessarar greinar dregizt úr hófi, en eins og fram kemur, var hún skrifuð áður en sýning á verkum Thorvaldsens var opnuð. Er beðizt velvirðingar á þessu.



Ertu með?

Blaðburðarfólk óskast!

Austurbær	Kópavogur	35408	Morgunbláðið	Upplýsingar í síma
Laugavegur neðri	Fagrabrekka			
Lindargata				
Skólavörðustígur				
Hverfisgata				
63—120	Úthverfi			
Þingholtsstræti	Síðumúli			
Vesturbær	Drekavogur			
Tjarnarstígur	Karfavogur			

raðauglýsingar — raðauglýsingar — raðauglýsingar

tilkynningar

Frá Öskjuhlíðarskóla
Dvalarheimili óskast fyrir unglinga utan af landi, skólaveturinn 1982—1983. Upplýsingar í sínum 17776 eða 23040.

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík
auglýsir safnaðarfund strax að lokinni messu sunnudaginn 12. sept.
Dagskrá:
Væntanleg prestskosning.
Kosning kjörstjórnar.

Safnaðarstjórn.

Badminton Íþróttahús Fellaskóla
Nokkrir tímar lausir á þriðjudögum, fimmtu- dögum og sunnudögum. Uppl. í síma 72359 kl. 18.30—21 næstu kvöld.

Íþróttafélagið Leiknir.

Njarðvíkingar
Innritun í Tónlistarskóla Njarðvíkur fer fram í skólanum í dag, fimmtudag 9. sept., og á morgun, föstudaginn 10. sept., frá kl. 13—18 báða dagana.

Skólastjóri.

nauðungaruppboð

Nauðungaruppboð
Eftir kröfu tollstjórans í Reykjavík, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, skiptaréttar Reykjavíkur, ýmissa lögmanna, banka, stofnana og Vöku hf., fer fram opinbert uppboð á bifreiðum, vinnuvélum o.fl. að Smíðs- höfða 1, (Vöku hf.) fimmtudaginn 9. september kl. 18.00.

Seldar verða væntanlega eftirtaldir bifreiðar:
R-12442, R-14921, R-22163, R-24378, R-24394, R-26771, R-28902, R-31246, R-34126, R-35258, R-50562, R-56231, R-56734, R-59046, R-59267, R-63070, R-68109, R-70137, R-72449, R-72556, R-73250, A-6263, G-15898, S-1688, Y-6761, Y-10322, X-4171, X-4927, Ö-6549, Ö-7151, G-11515.

Eftir kröfu Vöku hf.: R-19240, R-23416, R-28840, R-23416, R-28840, R-54172, R-56734, R-59046, R-64613, R-65681, R-69161, R-70004, R-70137, R-70901, A-3973, E-2097, E-2449, G-1281, G-4435, G-4613, G-15656, K-986, Y-2874, Y-4002, Y-9176, X-1395, X-2246, X-3719, Ö-4666.

Auk þess verða væntanlega seldar fleiri bifreiðar og vinnuvélar. Ávisanir ekki teknar gjalda sem greiðsla nema með samþykki upp- boðshaldara eða gjaldkera. Greiðsla við hamarshögg.

Uppboðshaldarinn í Reykjavík.

Félagstarf Sjálfstæðisflokksins

Hvöt, félag sjálfstæðiskvonna
Í tilefni af 45 ára afmæli Hvatar kemur út afmælissrit félagsins í lok október. Söfnun afmælisskrifa stendur nú yfir. Þeir sem hafa áhuga á því að gerast áskrifendur vinsamlega hafi samband í síma 82900 og 82779. *Stjórnin.*

Akurnesingar
Fundur um bæjarmálefni verður haldinn í Sjálfstæðishúsinu, sunnu- daginn 12. september, kl. 10.30. Aformað er að slíkir fundir verði haldnir annan og fjórða hvern sunnudag hvers mánaðar á sama tíma á komandi vetri. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins munu koma á þessa fundi. Allt sjálfstæðisfólk er hvatt til þess að koma á fundina og fá sér morgunkaffi.

Sjálfstæðisfélagin Akranesi.

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélugga í Reykjavík: Kosning kjörnefndar
Fulltrúaráðsmeðlimir eru minntr á kjörnefndarkosningu Fulltrúaráðs- ins vegna skipunar á framboðslista Sjálfstæðisflokksins við næstu alþingiskosningar.
Kosningu lýkur kl. 19.00 fimmtudaginn 9. september og skulu full- trúar skila atkvæðaseðli sínum persónulega (samkvæmt ákvæði í reglugerð um kjörnefndarkosningu) í innsiglaðan kjörkassa á skrifstofu Fulltrúaráðsins í Valhöll, Háaleitisbraut 1. Skrifstofa Fulltrúaráðsins er opin á venjulegum skrifstofutíma. Opíð verður til kl. 19.00 fimmtudaginn 9. september.
Hamið veikindi fulltrúaráðsmanni að skila atkvæðaseðli sínum, per- sónulega, er trúnaðarmanni kosningastjórnar heimilt að sjá um að seðillinn verði sóttur til viðkomandi. Ber fulltrúum í síku tilviki að hafa samband við skrifstofu Fulltrúaráðsins í Valhöll, Háaleitisbraut 1, sími 82963 og 82900. *Stjórn Fulltrúaráðsins.*